



Reykjavík, 18. desember 2019
SFS2019080135
177. fundur
HG/geb/vós

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi dreifingu námsgagna haustið 2019

Á 167. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 27. ágúst 2019 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að vita hvernig dreifing á námsgögnum hefur gengið eftir í upphafi þessa skólaárs, var öllum námsgögnum dreift áður en skólastarf hófst.

Svar:

Í upphafi yfirstandandi skólaárs var ritföngum og pappírsvörum dreift í annað sinn til nemenda grunnskólanna þeim að kostnaðarlausu. Fjármálaþjónusta skóla- og frístundasviðs (SFS) hafði yfirumsjón með dreifingu á ritföngum og pappírsvörum eins og árið áður.

Sem fyrr þegar ritföngum og pappírsvörum var í fyrsta sinn dreift til nemenda skólanna, var gerð könnun á þörf hvers skóla fyrir ritföng og pappírsvörur. Könnunin fór fram í febrúar 2019, niðurstaða hennar lá fyrir í apríl 2019 og skólastjórnendur grunnskólanna skiluðu lokalista til fjármálaþjónustu í júlí 2019.

Fyrirtækið A4 sá um dreifingu ritfanganna beint til skólanna sem síðan höfðu umsjón með að koma umbeðnum skólavörum til hvers kennara/nemanda. Einhver brögð voru að því að skólarnir fengju ekki allar vörur afgreiddar samtímis vegna þess að A4 var gefinn heldur stuttur tími til þess að afgreiða þær á einu bretti auk þess sem skil og skipti voru nokkur. Skólastjórar gátu sem fyrr skilað eða skipt því sem þeir voru ekki ánægðir með, vantaði eða var ofaukið á óskalistum sínum, eða ef þeir töldu sig ekki hafa fengið afgreiddar réttar vörur. Frestur til að skila og skipta ritföngum og pappír var töluvert styttri en árið áður en fjármálaskrifstofu SFS hafa ekki borist kvartanir varðandi dreifinguna og því má ætla að almenn sátt hafi verið um hana.

Vinna er nú þegar hafin við að greina námsgagnabörf fyrir skólaárið 2020 – 2021 og ætla má að útboðsgögn verði tilbúin fljótlega eftir áramót og vonir eru bundnar við að öll námsgögn eftir skil og skipti verði afgreidd áður en skólastarf hefst.